

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 12. febrúar 2026

Mál nr. S-561/2024:

Ákærvaldið

(Halldór Tumi Ólason saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Friðrik Smáráson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 23. janúar sl., höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra með tveimur ákærum á hendur X, kt. [...], [...], Akureyri.

Fyrri ákæran er frá 19. desember 2024 og ákærðu þar gefið að sök umferðarlagabrot

„með því að hafa, mánudaginn 26. ágúst 2024, ekið bifreiðinni [...] óhæf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist kokaín 67 ng/ml, klódíazepoxíð 720 ng/ml og nordíazepam 35 ng/ml) frá Keilusiðu á Akureyri, suður Bugðusiðu, vestur Merkgil, þar sem lögreglan stöðvaði akstur hennar á gatnamótum við Skessugil og neitað lögreglu um að gangast undir öndunarpróf og að gefa blóðsýni til að hægt væri að ganga úr skugga um aksturshæfni hennar.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 52. gr. sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. [...]

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.“

Síðari ákæran er gefin út 26. febrúar 2025 og ákærðu þar gefið að sök þjófnaður og peningaþvætti

„I. Þjófnaður.

„með því að hafa 9. apríl 2024, stolið fjármunum að fjárhæð 385.407 krónur af bankareikningi sonar síns A, kt. [...], nr. [...] hjá Íslandsbanka hf., og flutt yfir á reikning í sinni eigu nr. [...] hjá Landsbanka Íslands hf, en ákærða hafði verið svipt lögráðum sonar síns og hafði því enga heimild til að ráðstafa fjármunum hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Peningaþvætti.

Með því að hafa frá 9. apríl til 18. apríl 2024 hafa eytt peningum sonar síns sem hún hafði náð til sín og í lok tímabilsins millifært afganginn [237.228] krónur inn á bankareikning í sinni eigu sem ekki er vitað hver er eða hjá hvaða banka.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.“

- 2 Upphaflega var í kafla II í ákæru 26. febrúar 2025 tilgreind fjárhæðin 247.233 krónur. Við upphaf aðalmeðferðar málsins 6. nóvember sl. kom fram af hálfu sækjanda að 9. apríl 2024 hefðu 10.005 krónur verið inni á reikningi ákærðu og var ákæran leiðrétt með tilliti til þess.
- 3 Ákærða krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærðu.
- 4 Aðalmeðferð fór fram 6. nóvember sl. Ákærða og lögreglumaður nr. B gáfu skýrslur og var málið dómtekið að loknum málflutningi. Eftir dómtöku taldi dómari nauðsynlegt að starfsmaður Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði kæmi einnig fyrir dóminn, sbr. 168. gr. laga nr. 88/2008 og beindi því til ákæranda að leiða vitnið. D forstöðumaður rannsóknarstofunnar kom fyrir dóminn 23. janúar sl. og að skýrslu hennar lokinni var málið flutt og dómtekið að nýju.

Ákæra 19. desember 2024 vegna umferðarlagabrots

Málavextir

- 5 Í frumskýrslu lögreglumanns B, dagsettri 6. september 2024, kemur fram að 26. ágúst 2024, klukkan 20:20, hafi hann ásamt lögreglumanni E séð ökumann bifreiðar [...] aka frá Keilusíðu suður Bugðusíðu, og síðan vestur Merkgil á hringtorgi við gatnamót Merkgils og Borgarbrautar. Að fyrirmælum lögreglu hefði ökumaður numið staðar á gatnamótum Merkgils og Skessugils. Ökumaður, ákærða í máli þessu, hafi verið með útvíkkuð sjáöldur, með áberandi þurrar varir og sýnt sljóleika í viðbrögðum og tali. Er ákærðu hafi verið flett upp í kerfum lögreglu hafi komið í ljós virk eftirlýsing vegna rannsóknar á fjársvikamáli. Fram kemur að ákærðu hafi verið gert að blása í Draager öndunarprófmæli en það hafi ekki gengið þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Ákærða hafi þá verið orðin pirruð og sagt það ekki vera henni að kenna að búnaður lögreglu væri í ólagi, hún væri ekki grunuð um afbrot og væri frjáls ferða sinna auk þess sem hún hafi viljað sjá handtökuskipun. Í skýrslunni kemur fram að ákærða hafi drepíð á bifreiðinni og sagst ætla að fá sér göngutúr og hafi hún þá verið tekin í lögreglutök. Hún hafi neitað að gangast undir fíkniefnapróf, þrátt fyrir að henni væri gerð grein fyrir afleiðingum þess að neita að veita lögreglumönnum munnvatns- og öndunarprófssýni. Vegna þessa hafi verið óskað eftir aðstoð lögreglubifreiðar F, (G og H). Ákærða hafi verið handtekin klukkan 20:48 og flutt á lögreglustöð.
- 6 Í frumskýrslunni segir að þegar á lögreglustöð hafi verið komið hafi ákærða ekki viljað fara í blóðsýnatöku og því hafi verið óskað eftir aðstoð varðstjóra I, þar sem legið hafi fyrir að taka þyrfti blóðsýni með valdi. Hafi ákærða verið tekin í lögreglutök en síðan gefið eftir. Að lokinni blóðsýnatöku hjúkrunarfræðings hafi ákærða verið vistuð í

fangaklefa í þágu rannsóknar þess máls sem hún hafi verið eftirlýst vegna. Í skýrslu lögreglumanns B fyrir dómi kvað hann blóðsýnatökuna hafa farið fram klukkan 21:30.

- 7 Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, dags. 27. september 2024, mældist í blóðsýni 67 ng/ml af kókaíni, 720 ng/ml af klódíazepoxíð og 35 ng/ml af nordíazepam.

Framburðir ákærðu og vitna fyrir dómi

- 8 Ákærða kvaðst hafa verið að aka frá Keilusiðu yfir í Skessugil að sækja bækur er lögregla hefði stöðvað akstur hennar. Kvað hún lögreglumenn hafa beðið hana um að drepa í sígarettu og hún gert það strax. Þá hefðu lögreglumenn beðið hana í 21 skipti um öndunarsýni til að mæla áfengi. Kvaðst hún ekki vita af hverju hún hefði verið beðin svo oft um að blása en telja það vera vegna þess að lögregla hefði viljað finna ástæðu til að handtaka hana. Hún kvaðst hafa verið mjög hrædd og frosið en það gerist þegar lögregla hafi af henni afskipti. Lýsti hún því að lögreglumenn hefðu sagt að hún væri handtekin þar sem hún hefði neitað að slökkva í sígarettu og þá hefði hún orðið enn hræddari. Mögulega hafi það litið út eins og hún væri að rífast við lögregluna en í reynd hefði hún bara viljað komast í burtu. Lögreglumenn hefðu einnig sagt að þeir hefðu heimild til handtöku þar sem hún hefði framið fjársvik en hefðu ekki sýnt henni þá heimild þegar um hana var beðið. Hún hefði því næst verið handtekin og færð á lögreglustöð. Kvaðst ákærða ekki hafa skilið af hverju verið var að handtaka hana þar sem hún hefði ekkert gert af sér.
- 9 Ákærða hafnaði því að hafa neitað samvinnu við lögreglu. Á vettvangi hefði lögreglumaður beðið hana um að drepa í sígarettu og hún gert það. Kvaðst hún hafa spurt hinn lögreglumanninn hvort hún hefði ekki orðið við fyrirmælum lögreglu og hann staðfest að svo væri ekki. Aðspurð neitaði ákærða því að hafa ekki gefið öndunarsýni og kvaðst hafa gefið öndunarsýni í 21 skipti. Einnig hafnað hún því að hafa neitað lögreglu um blóðsýni. Þvert á móti hefði hún samþykkt allt og gefið umbeðin sýni.
- 10 Ákærða neitað því að hafa verið undir áhrifum fíkniefna við aksturinn og kvaðst ekki muna til þess að hafa tekið nokkur lyf á þessum tíma. Ákærðu var kynnt að samkvæmt matsgerð hefðu mælst þrjár tegundir fíkniefna í blóðsýni. Kvað ákærða það útilokað.
- 11 Vitnið lögreglumaður B kvaðst hafa verið ásamt lögreglumanni E við umferðareftirlit er þeir höfðu afskipti af ákærðu. Lögreglumaður E hefði beðið um blástursýni en það hefði ekki gengið vel. Fyrst hefði ákærða verið að reykja sígarettu og E beðið hana um að leggja sígarettuna frá sér, sem ákærða hefði að lokum gert. Kvaðst hann ekki hafa talið hversu oft ákærða reyndi að blása en hvorki gengi að frussa í öndunarmæli né blása stutt. Blástur í öndunarmæli þyrfti að vera langur og stöðugur, sem gæti reynst krefjandi fyrir fólk. Þegar þetta hefði gengið illa hefði ákærða orðið verulega pirruð og ósátt, drepíð á bílnum og ætlað að ganga í burtu frá þeim. Henni hefðu þá verið gefin fyrirmæli um að gera það ekki fyrr en þeir væru búnir að fá blásturssýni auk þess sem þeir hefðu verið að bíða eftir svári frá bakvakt rannsóknardeildarinnar vegna eftirlýsingar, þar sem ákærða hefði ekki sinnt boði í skýrslutöku. Hann kvað þá hafa verið þolinmóða við ákærðu þrátt

fyrir að hún hefði verið verulega ásakandi í garð þeirra. Hann kvað ákærðu hafa verið gefin mörg fyrirmæli um að blása og ekki farið eftir þeim.

- 12 Vitnið kvað ákærðu á endanum hafa tekið fíkniefnapróf, og þá mæltst jákvæð á örvandi efni, en það hefði ekki verið fyrir en eftir að búið var að handtaka hana og kalla til hjúkrunarfræðing. Þá hefði ákærðu verið gerð grein fyrir því að ef hún léti ekki í té öndunarsýni þá lægi við því minnsta kosti eins árs bráðabirgðasvipting ökuréttinda. Hann kvað ákærðu að lokum hafa gefið leyfi til blóðsýnatöku en þá hefði varðstjóri verið kominn niður. Vitnið kvað blóðsýnatökuna hafa farið fram klukkan 21:30, um 15 mínútum fyrir en fram kæmi í frumskýrslu sinni, en kvaðst að öðru leyti staðfesta efni skýrslunnar.
- 13 Spurður um hvort það hefði raunverulega gengið illa hjá ákærðu að blása eða hvort hún hefði ekki viljað blása kvaðst vitnið ekki geta fullyrt um það en kvað ákærðu ítrekað hafa sagt að hún hefði blásið ellefu sinnum. Hún hefði verið pirruð og ósátt og henni sagt þetta vera galla í búnaðinum. Þá hefði ákærða ekki tekið vel í að gefa munnvatnssýni og sagst sannarlega ekki vera undir áhrifum fíkniefna og vera að fara að læra. Er hún var stöðvuð hefði hún verið að fara til manns sem síðan hefði komið út og sagst vera kærasti hennar. Eftir þónokkrar fortölur hefði ákærða gefið munnvatnssýni. Hún hefði þá verið stödd í forstofunni hjá manningnum. Nánar spurður um munnvatnssýnatöku kvaðst vitnið ekki muna þessi atvik nákvæmlega en minnti að ákærða hefði gefið sýni í forstofunni en engin niðurstaða fengist úr því. Spurður um hvort að blóð hefði verið tekið með valdi, kvað vitnið það hafa staðið til. Varðstjóri hefði verið kallaður niður til þess að nægilega margir væru viðstaddir og sýnataka færi rétt fram. Eftir að ákærða hefði verið tekin í lögreglutök hefði hún gefið eftir og veitt samþykki fyrir blóðsýnatöku.
- 14 D forstöðumaður Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði lýsti vinnuferli stofunnar við móttöku sýna, rannsóknir og mælingar þar sem fyllsta öryggis og nákvæmni sé gætt í hvívetna og ávallt fleiri en einn starfsmaður sem yfirfari ferlið og niðurstöðurnar. Hún kvað stofuna taka þátt í alþjóðlegum samanburðarrannsóknum og ávallt hafa komið vel út.

Niðurstaða

- 15 Ákærðu er gefið að sök umferðalagabrot með því að hafa mánudaginn 26. ágúst 2024, ekið bifreiðinni [...] óhæf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna. Jafnframt er ákærðu gefið að sök að hafa neitað lögreglu um að gangast undir öndunarpróf og að gefa blóðsýni til að hægt væri að ganga úr skugga um aksturshæfni hennar.
- 16 Sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik, sem telja má henni í óhag, hvílir á ákæruvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. laganna metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Dómur skal

reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 111. gr. sömu laga.

- 17 Ákærða hefur neitað því að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna umrætt sinn. Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, dags. 27. september 2024, mældist í blóðsýni sem tekið var hjá ákærðu í kjölfar þess að lögregla stöðvaði akstur hennar umrætt sinn 67 ng/ml af kókaíni, 720 ng/ml af klórdíazepoxíð og 35 ng/ml af nordíazepam. Í matsgerðinni kemur fram að lyfin séu í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil séu á íslensku forráðasvæði og teljist ökumaður því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýni var tekið. Þá kemur fram að klórdíazepoxíð sé lyf við kvíða og áfengisfráhvarfi af flokki benzodíazepína og nordíazepam sé virkt umbrotsefni þess. Lyfið hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfið og dragi úr aksturshæfni í læknanlegum skömmtum. Styrkur klórdíazepoxíð í blóði hafi verið eins og eftir töku þess í læknanlegum skömmtum og gera megi ráð fyrir að ökumaður hafi ekki getað stjórnað ökutæki örugglega af þeim sökum.
- 18 Að virtri niðurstöðu matgerðar og framburði D telur dómurinn sannað að ákærða hafi gerst sek um að hafa ekið bifreið óhæf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og er það brot hennar réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.
- 19 Ákærðu er einnig gefið að sök að hafa neitað að veita lögreglu atbeina sinn við rannsóknina með því að gangast undir öndunarpróf og gefa blóðsýni. Sú háttsemi er í ákæru talin varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 52. gr. sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ákærða neitar sök.
- 20 Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er ökumanni vélknúins ökutækis eða smáfarartækis, sem grunaður er um meðal annars akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna samkvæmt 50. gr. laganna, skylt að gangast undir öndunarpróf og láta í té svita- og munnvatnssýni að kröfu lögreglu. Samkvæmt 3. mgr. sama ákvæðis er ökumanni skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn samkvæmt 2. mgr. sömu greinar en þar kemur fram að lögregla geti fært ökumann til rannsóknar á svita-, öndunar- og munnvatnssýni eða til blóð- og þvagrannsóknar, meðal annars ef grunur er um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna samkvæmt 50. gr. laganna eða ef ökumaður neitar lögreglunni um að gangast undir öndunarpróf eða láta í té svita- eða munnvatnssýni eða er ófær um það. Í lokamálslið 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að neiti ökumaður sé lögreglu heimilt að beita valdi við framkvæmd rannsóknar, sbr. þó 4. mgr. en þar eru gerðar ríkari kröfur til þess að valdi sé beitt við þvagrannsókn. Í dómi Landsréttar 4. júní 2021 í máli nr. 60/2020 kemur fram að brot gegn skyldu til að hlíta blóðtöku sé fullframið er ökumanni hefur verið tilkynnt sú ákvörðun lögreglu að hann skuli sæta blóðtöku vegna gruns um aksturs undir áhrifum og hann hefur með skýrum hætti neitað að hlíta þeirri ákvörðun.
- 21 Í málinu liggur fyrir upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns B er hefst þegar lögregla fær upplýsingar um kennitölu ákærðu og lögreglumaður E fer fram á að ákærða blási í áfengismæli. Á upptökunni má sjá ákærðu, þar sem hún situr í ökumannssæti bifreiðar [...], blása í fjölmörg skipti í áfengismælinn. Þó greina megi að hún fari ekki í einu og

öllu eftir leiðbeiningum lögreglu um hvernig hún skuli blása í mælinn verður ekki af myndbandinu ráðið hvort ástæða þess að ekki náðist fullnægjandi mæling hafi verið sú að ákærða hafi ekki ætlað sér að veita sýni, en sjá má ákærðu í það minnsta í eitt skipti blása í mælinn að því virðist í fullar fjórar sekúndur. Eftir nokkur orðaskipti gengur ákærða frá bílnum en lögreglumenn stöðva för hennar. Ákærða kveðst ekkert hafa gert af sér og er ósátt við að fá ekki að halda för sinni áfram. Eftir frekari orðaskipti ákærðu og lögreglu spyr lögreglumaður E ákærðu skýrt að því hvort að hún samþykki að veita öndunarsýni, fyrri sýni hafi verið ófullnægjandi. Ákærða svarar neitandi og kveðst þegar hafa blásið í ellefu skipti í öndunarmæli lögreglu og það sé ekki hennar vandamál að tækið virki ekki. Hún samþykkir þó stuttu síðar að blása aftur í öndunarmæli. Þótt enn takist ekki að fá hjá ákærðu fullnægjandi sýni virðist ákærða leggja sig fram við að fylgja leiðbeiningum lögreglu við sýnatökuna.

- 22 Með heimild lögreglumanna gengur ákærða því næst með þeim inn í forstofu heimilis vinar hennar, þar sem hún er beðin um að veita munnvatnssýni en ákærða neitar því. Eftir að ákærðu hafði verið gefið loka tækifæri til að gefa sýnið, ella yrði hún handtekin og færð á lögreglustöð til blóðsýnatöku en hún enn neitað, var hún handtekin og flutt á lögreglustöð.
- 23 Fyrir dómi lýsti lögreglumaður B því að sumum einstaklingum geti reynst erfitt að blása í öndunarmæli lögreglu og kvaðst hann ekki getað fullyrt um hvort ástæða þess að ekki náðist að fá öndunarsýni hjá ákærðu væri sú að henni hafi gengið illa að blása eða hún hafi ekki viljað blása. Verður slíkt enn fremur ekki ráðið af þeirri myndbandsupptöku sem liggur fyrir í málinu. Þrátt fyrir að ákærða hafi ekki sýnt fullan samstarfsvilja er lögregla óskaði eftir því að hún blési í öndunarmæli þar til fullnægjandi mæling næðist, og svarað meðal annars neitandi spurningu lögreglu um hvort hún samþykkti að blása á ný í öndunarmæli, er ljóst að ákærða samþykkti það skömmu síðar og blés þá aftur, ítrekað, í öndunarmæli lögreglu.
- 24 Af fyrrgreindri myndbandsupptöku liggur fyrir að ákærða var flutt á lögreglustöð í því skyni að unnt væri að taka hjá henni blóðsýni eftir að hún neitað fíkniefnaprófi með munnvatnssýni. Óumdeilt er að á lögreglustöðinni gaf ákærða blóðsýni án þess að valdi væri beitt. Lögreglumaður B hefur fyrir dómi borið að ákærða hafi í upphafi neita að hlíta ákvörðun lögreglu um blóðtöku en önnur vitni að framkvæmd blóðsýnatökunnar komu ekki fyrir dóminn. Þykir ekki, gegn neitun ákærðu, hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærða hafi, áður en blóðsýnataka fór fram neitað að hlíta ákvörðun lögreglu um að hún skyldi sæta blóðtöku vegna gruns um akstur undir áhrifum.
- 25 Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að sannað að ákærða hafi gerst sek um að hafa neitað lögreglu um að gangast undir öndunarpróf og að gefa blóðsýni til að hægt væri að ganga úr skugga um aksturshæfni hennar. Verður hún því sýknuð af ákæru um brot gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Ákæra 26. febrúar 2025 vegna þjófnaðar og peningabættis

Málavextir

- 26 Samkvæmt frumskýrslu, dags. 12. júní 2024, barst lögreglu kæra frá Barnavernd Reykjavíkur er fór með forsjá og lögráð sonar ákærðu, A. Samkvæmt kærinni hafði barnavernd borist tilkynning 9. apríl 2024 frá starfsmanni [...], þar sem drengurinn var vistaður, um að ákærða hafi heimildarlaust millifært 385.407 krónur af bankareikningi drengsins hjá Íslandsbanka á reikning sinn í Landsbankanum.
- 27 Með kærinni fylgdu tölvupóstsamskipti Íslandsbanka og starfsmanna barnaverndar. Í tölvubréfi bankans til barnaverndar 12. apríl 2024 kemur fram að deildarstjóri hjá [...] hafi heimild til að fara með fjármál drengsins samkvæmt bréfi frá barnavernd 16. desember 2021. Þá segir að ákærða hafi, fyrir mistök hjá bankanum, náð að millifæra framangreinda fjárhæð af reikningi drengsins á eigin reikning hjá Landsbankanum. Kemur fram að farið hafi verið í að greina málið og komið í veg fyrir að atvikið gæti endurtekið sig. Landsbankinn hafi orðið við beiðni um að frysta innistæðuna en hafi aðeins haft heimild til að gera það í skamman tíma meðan reynt hafi verið að hafa samband við ákærðu til að fá hana til að endurgreiða fjárhæðina á reikning drengsins. Ekki hafi náðst í hana. Bankinn hafi endurgreitt fjárhæðina á reikning drengsins og óskaði eftir því að fá kröfuna á hendur ákærðu framselda til að reyna að innheimta hana hjá henni. Sama dag kom fram að barnavernd myndi samþykkja framsal gegn því að bankinn greiddi drengnum sömu fjárhæð án skilyrða en tekið fram að mikilvægt væri að fá skýrari mynd af því hvernig ákærða hafi getað náð þessum fjármunum.
- 28 Í tölvubréfi bankans til barnaverndar 19. apríl 2024, segir að greining bankans á málinu hafi leitt í ljós að ákærða hafi verið með skráð umboð á reikning drengsins, sem láðst hafi að fella niður þegar hún missti forsjá. Hún hafi ekki getað framkvæmt millifærslur á reikning hans gegnum app eða netbanka. Hún hafi hins vegar getað framkvæmt millifærslur af reikningnum í gegnum svokallað „Open banking“ þjónustu hjá Landsbankanum sem viðskipavinur hans. Fram kemur að Íslandsbanka hafi ekki tekist að fá endurgreiðslu frá móður en bankinn hafi endurgreitt fjárhæðina inn á reikning drengsins og áréttuð ósk um að fá kröfuna framselda.
- 29 Fyrir liggur endurrit af bréfi Íslandsbanka hf. til ákærðu, dagsett 11. apríl 2024, þar sem fram kemur að 10. apríl 2024 hafi þau mistök átt sér stað í kerfum Íslandsbanka hf. að greiðsla að fjárhæð 385.407 krónur, hafi verið lögð inn á nánar tilgreindan reikning hennar hjá Landsbankanum. Þar sem framangreind færsla hafi verið framkvæmd fyrir mistök í kerfum bankans hafi sama fjárhæð verið skuldfærð af reikningi bankans. Er skorað á ákærðu að endurgreiða Íslandsbanka hf. ofangreinda fjárhæð og hún beðin um að hafa samband símleiðis við bankann varðandi greiðslufyrirkomulag en ella fari innheimta fram með málsókn. Loks er vakin athygli á því að reikningseigandi eða viðtakandi sem neitaði að samþykkja að skila fjármunum til rétts aðila sem fyrir mistök hefðu verið lagðir inn á reikning hans eða afhentir honum, gæti með því bakað sér refsíabyrgð, sbr. 246. gr. almennra hegningarlaga, er kvæði meðal annars á um refsingu ef maður kastaði eigin sinni á muni sem án aðgerða hans væru komnir í vörslur hans.

- 30 Samkvæmt fundargerð barnaverndar 24. apríl 2024 var framsal kröfunnar til Íslandsbanka samþykkt gegn því að banki endurgreiddi drengnum 385.407 krónur án frekari skilyrða. Þá myndi barnavernd vísa málinu til lögreglu, sem hún gerði 10. maí 2024.
- 31 Ákærða gaf skýrslu hjá lögreglu 27. ágúst 2024 þar sem hún neitaði því að hafa tekið fé af bankareikningi sonar síns.
- 32 Fyrir liggur yfirlit bankareiknings ákærðu nr. [...] hjá Landsbankanum. Á því má sjá millifærslu inn á reikninginn 9. apríl 2024, klukkan 16:35, með skýringunni „A“, að upphæð 385.407 krónur. Áður en millifærslan var framkvæmd var staða á reikningi ákærðu 10.005 krónur. Síðar sama dag eru tvær millifærslur á reikninga tilgreindra einstaklinga, annars vegar 42.000 krónur og hins vegar 5.000 krónur. Daginn eftir var tvívegis tekið út af reikningnum í hraðbanka, samtals 80.000 krónur. Dagana 10. og 11. apríl eru 10 færslur þar sem greitt er fyrir vörur og þjónustu, alls 21.179 krónur. Þann 18. apríl 2024 eru síðan 247.233 krónur, millifærðar af reikningnum, með tilvísuninni „[...]“, sem er kennitala ákærðu, og skýringunni „X“ en númer innlagnarreiknings kemur ekki fram.

Framburður ákærðu

- 33 Ákærða kvaðst ekki hafa stolið fé af syni sínum og kvaðst ekki vita hvað hafi gerst. Hún kvað barnavernd hafa farið með forsjá hans og hún ekki haft aðgang að reikningi hans. Hún hafi stofnað fyrir hann einn reikning fyrir 15-16 árum og hann verið lokaður til 18 ára aldurs drengsins. Hún kvaðst hafa fengið bréf frá Íslandsbanka um að fé hefði óvart verið millifært á reikning hennar og hún ætti að greiða til baka. Hún hafi ekkert vitað um þessa peninga, ekki hafa skoðað reikning sinn og ekki hafa endurgreitt féð. Ákærða kvaðst ekki muna eftir millifærslu að fjárhæð 247.233 krónur, hún hafi þrjá reikninga og millifæri oft. Þá hafi aðrir einnig aðgang að reikningum hennar en hún vilji ekki bera þau neinum sökum.

Niðurstaða

- 34 Ákærðu er gefið að sök að hafa brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa 9. apríl 2024 stolið 385.407 krónum af bankareikningi sonar síns hjá Íslandsbanka hf., með því að hafa heimildarlaust flutt fjármunina inn á nánar tilgreindan bankareikning í sinni eigu hjá Landsbanka Íslands hf. Þá er ákærðu gefið að sök brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa „eytt“ fyrrgreindum peningum sonar síns á tímabilinu 9. til 18. apríl 2024 og þann dag millifært afganginn inn á annan ótilgreindan bankareikning í sinni eigu. Ákærða neitar sök.
- 35 Fyrir liggur að umræddir fjármunir voru færðir af reikningi sonar ákærðu á reikning hennar. Var fénu síðan ráðstafað af reikningi hennar eins og rakið er í efnisgrein 32. Barnavernd fór þá með forsjá drengsins og lögráð hans.
- 36 Ákærða hefur frá upphafi hafnað því að hafa millifært fjármuni af reikningi sonar síns hjá Íslandsbanka inn á eigin reikning. Kvaðst hún ekki hafa haft neinn aðgang að bankareikningum hans og því ekki getað tekið peninga þaðan. Fyrir dómi kvaðst hún

hafa mótttekið tölvupóst frá Íslandsbanka um að bankinn hefði óvart millifært pening yfir á reikning hennar og viljað að hún skilaði peningum en kvaðst ekki hafa skilið nægilega vel til hvers bankinn væri að vísa og ekki hafa kannað hvort að það væri rétt að hún hefði fengið peninga lagða á reikning sinn. Hafði ákærða engar skýringar á millifærslunni inn á bankareikning hennar 9. apríl 2024.

37 Af hálfu lögreglu fór ekki fram eiginleg rannsókn á því hvernig greiðslan fór fram, heldur er alfarið byggt á tölvubréfi Íslandsbanka til barnaverndar þar sem segir að fyrir mistök hjá bankanum hafi ákærða náð að millifæra féð „í gegnum svokallaða „Open banking“ þjónustu hjá Landsbankanum“. Liggur til að mynda ekki fyrir hvernig greiðslan var framkvæmd eða hvers konar umboð ákærða á að hafa haft sem gert hafi henni kleift að millifæra peninga af bankareikningi sonar hennar. Enn fremur er óupplýst hvers konar bankareikning var um að ræða en ákærða hefur haldið fram að eini bankareikningur sonar hennar hjá Íslandsbanka hafi verið lokaður til 18 ára aldurs hans. Í bréfi bankans til ákærðu var þess ekki getið að um fjármuni af reikningi sonar hennar hafi verið að ræða. Þótt fyrir liggja að greiðsla að fjárhæð 385.407 krónur hafi 9. apríl 2024 verið lögð inn á reikning ákærðu hjá Landsbankanum er það álit dómsins að ekki sé komin fram fullnægjandi sönnun þess að ákærða hafi verið þar að verki. Verður ákærða því sýknuð af broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hún hefur ekki í málinu verið borið sökum um að hafa kastað eign sinni á muni, sem án hennar aðgerða komust í hennar vörslur, sbr. 246. gr. sömu laga.

38 Í II. kafla sömu ákæru er ákærðu gefið að sök peningabætti samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa 9. til 18. apríl 2024 „eytt peningum sonar síns sem hún hafði náð til sín og í lok tímabilsins millifært afganginn [237.228] krónur inn á bankareikning í sinni eigu sem ekki er vitað hver er eða hjá hvaða banka.“

39 Ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga taka til hagnýtingar eða ráðstöfunar ávinnings af broti á almennum hegningarlögum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum. Þegar af þeirri ástæðu að ekki liggur fyrir að þeir peningar, sem voru lagðir á reikningi ákærðu og henni er gefið að sök að hafa þvættað, hafi verið ávinningur af refsiverðu broti verður einnig að sýkna hana af háttsemi samkvæmt II. kafla ákærunnar.

Viðurlög og sakarkostnaður

40 Ákærða er sakfelld fyrir brot gegn 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins frá 23. janúar sl., hlaut ákærða þriggja mánaða fangelsisdóm 17. janúar 2018 fyrir vörslur fíkniefna. Þá var ákærða með dómi Landsréttar 22. mars 2019 dæmd til tveggja ára fangelsisvistar fyrir ýmis brot og svipt ökurétti í fjóra mánuði. Þann 30. janúar 2022 var ákærðu veitt reynslulausn í tvö ár á 280 daga eftirstöðvum refsingar beggja framangreindra dóma. Loks var ákærða með dómi Landsréttar 16. desember 2025 sakfelld fyrir akstur undir áhrifum slævandi lyfja samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og vörslur fíkniefna. Reynslulausn var látin haldast og ákærðu gerð sekt auk þess sem hún var svipt ökurétti í sex mánuði.

- 41 Við ákvörðun viðurlaga verður litið til þess að í dóminum 22. mars 2019 var ákærða meðal annars sakfelld fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. Ekki eru liðin fimm ár frá því að hún tók út refsingu sína samkvæmt þeim dómi og því um að ræða annað brot af því tagi innan ítrekunartíma. Verður refsing ákærðu ákveðin sekt í ríkissjóð að fjárhæð 300.000 krónur. Komi 22 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja. Með vísan til 7. mgr. 101. gr. umferðarlaga og þess að um hegningarauka við dóminn frá 16. desember 2025 er að ræða verður ákærða svipt ökurétti í 33 mánuði.
- 42 Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærðu gert að greiða sakarkostnað vegna töku blóðsýnis og öflunar matsgerðar, samtals 223.436 krónur. Þá verður henni gert að greiða 1/4 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, sem í heild nema 689.130 krónum að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Sakarkostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærða, X, greiði 300.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 22 daga.

Ákærða er svipt ökurétti í 33 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði 395.719 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. fjórðung málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar lögmanns, sem í heild nema 689.130 krónum. Sakarkostnaður greiðist að öðru leyti úr ríkissjóði.